

5. stjórnarfundur Arnardrangs hses

18.04.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 15:10

Mætt: Fjóla St. Kristinsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Anton Kári Halldórsson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Íris Ellertsdóttir

Íris Ellertsdóttir ritaði fundargerð.

1. Afgreiðsla umsóknar Arnardrangs hses um framkvæmdalán til HMS

Lánanefnd telur umsókn Arnardrangs hses. vegna framkvæmdarláns ekki uppfylla skilyrði 2. mgr. 24. gr. rgl. 805/2020 enda teljist ekki sýnt fram á að kjör á almennum markaði séu verulega hærri en almennt bjóðast á virku markaðssvæði. Í því sambandi er horft til vaxtakjara á markaði og til þess að uppbygging í Árborg hefur verið veruleg og mikil velta með fasteignir.

Ákveðið er að leggja fram beiðni til Bergrisans bs. um að tryggja lán til Arnardrangs vegna byggingar nýs íbúðakjarna á meðan fjármögnunarferli er ekki lokið.

Fundi slitið klukkan 15:30